

Gerður Gestsdóttir
51 árs
Félag íslenskra félagsvísindamanna (FÍF)



Ég lauk meistaranámi í mannfræði frá University of Manchester í Englandi og hef síðan bætt við mig diplómanámi í mannauðsstjórnun í HR og nýttjapýðingum í HÍ. Undanfarið ár hef ég rekið fyrirtækið mitt Spænsk-íslenska ehf. og starfað við þýðingar, túlkanir, kennslu og rannsóknir á sviði vinnumarkaðs- og innflytjendamála, sem eru mín sérsvið. Frá aldamótum hef ég tekið þátt í að byggja upp Alþjóðahúsið og stýrði þar fræðsludeildinni, fór síðan til starfa fyrir Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Níkaragva og stýrði heilbrigðis- og menntamálum og var loks sérfræðingur í málefnum innflytjenda hjá Vinnumálastofnun, áður en ég fór í eigin rekstur.

Ég er varaformaður FÍF og hef setið í stjórn þess frá 2018. Í nýafstöðnum samningaviðræðum fór ég fyrir samninganefnd FÍF gagnvart Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ég sit í tillöguhópi fyrir stefnumótunarþing BHM, sat í stýrihópi fyrir málþing BHM um sjálfstætt starfandi háskólafólk og í starfshópi um sjálfstætt starfandi og bættu þjónustu við þá.

Mig langar að taka þátt í því að gera BHM leiðandi í umræðunni um hvernig vinnumarkaðurinn er að þróast í takt við samfélagsbreytingar vegna tækniþróunar og loftslagsbreytinga. Stéttarfélögin hafa gengt og munu áfram gegna lykilhlutverki við að skapa gott samfélag og það hlutverk þarf að styrkja. Sjálfstætt starfandi fer stöðugt fjölgandi meðal háskólafólks og þar eru sóknarfæri fyrir félög BHM. Ég vil sjá aðildarfélögum BHM fjölga og áframhaldandi mikla samvinnu, bæði innan bandalagsins og utan þess.